



Tillögur til aðalfundar Arion banka hf. sem haldinn verður þann 17. mars 2020

Aðalfundur í Arion banka hf. verður haldinn þann 17. mars 2020 í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík og hefst hann kl. 16:00 að íslenskum tíma. Á fundarboðsdegi er farið með atkvæði fyrir 1.738.615.344 hluti.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans á síðasta fjárhagsári**
- 2. Staðfesting ársreiknings bankans fyrir síðastliðið starfsár**
- 3. Ákvörðun um greiðslu arðs**
- 4. Kosning stjórnar bankans**
- 5. Kosning endurskoðunarfélags**
- 6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra**
- 7. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**
- 8. Tillaga um heimild stjórnar til að samþykkja kaupréttaráætlun**
- 9. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans**
- 10. Tillaga stjórnar um starfsreglur tilnefningarnefndar**
- 11. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**
- 12. Tillaga um lækkun hlutfjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**
- 13. Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**
- 14. Heimild til útgáfu áskriftarréttinda og samsvarandi breyting á samþykktum**
- 15. Tillaga um breytingu á samþykktum**
- 16. Önnur mál**



Tillögur stjórnar sem liggja fyrir fundinum:

1. Vegna dagskrárliðar 2 - Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir síðastliðið starfsár

Stjórn Arion banka leggur til að ársreikningur bankans vegna ársins 2019 verði samþykktur.

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, mun kynna afkomu bankans árið 2019 í samræmi við samþykkt stjórnarinnar á fundi 12. febrúar 2020.

2. Vegna dagskrárliðar 3 - Ákvörðun um greiðslu arðs

Stjórn bankans leggur til að greiddur verði arður til hluthafa bankans sem nemur um kr. 9.977.000.000,00. Arðgreiðslan mun jafngilda 5,50 krónum á hvern hlut.

Ef tillaga um arðgreiðslu verður samþykkt verður arðleysisdagur (e. ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs, 18. mars 2020.

Arðsréttindadagur (e. record date) verður 19. mars 2020. Hluthafar tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs.

Útborgunardagur (e. payment date) verður 25. mars 2020.

Greinargerð:

Samkvæmt arðgreiðslustefnu Arion banka er arðgreiðsluhlutfall í kringum 50% af hagnaði til hluthafa framkvæmt annað hvort með arðgreiðslum eða endurkaupum á hlutabréfum bankans eða hvorutveggja. Í stefnunni kemur jafnframt fram að bankinn muni skoða viðbótarútgreiðslur þegar eigið fé bankans er umfram kröfur eftirlitsaðila að viðbættum stjórnendaauka bankans. Eiginfjárlutfall bankans verður 24,0% eftir arðgreiðslu að fjárhæð tæplega 10,0 milljarðar króna auk framkvæmdar á endurkaupaáætlun sem samþykkt var í september 2019 og viðbót í janúar 2020, sem er vel yfir eiginfjárkröfum bankans.

3. Vegna dagskrárliðar 5 - Tillaga um kosningu endurskoðunarfélags

Stjórn Arion banka leggur til að Deloitte ehf. verði kjörið til að halda áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi bankans fram að næsta aðalfundi. Byggir sú tillaga á samningi milli Arion banka og Deloitte ehf. frá ágúst 2019 og 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

4. Vegna dagskrárliðar 6 - Tillaga um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra

Tilnefningarnefnd leggur til að þóknun stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar verði hækkuð um u.þ.b. 3% frá fyrra ári í samræmi við hækkingu meðallauna bankans á árinu 2019.

„Lagt er til að mánaðarlaun stjórnarmanna verði kr. 490.900, mánaðarlaun varaformanns verði kr. 736.200 en mánaðarlaun stjórnarformanns verði kr. 981.400. Stjórnarlaun varamanna verði kr. 248.600 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 490.900 á mánuði, ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði. Í tilviki erlendra stjórnarmanna skulu framangreindar tölur vera tvöfaldar. Stjórnarmenn búsettir á Íslandi skulu njóta réttinda um séreignarsparnað í samræmi við gildandi kjarasamning Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Þar að auki verði heimilt að greiða þeim



stjórnarmönnum sem sitja í stjórnarnefndum félagsins að hámarki kr. 196.300 á mánuði fyrir setu í hverri nefnd og formönnum stjórnarnefnda kr. 255.000 á mánuði.“

5. Vegna dagskrárliðar 7 - Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Lagt er til að nefndarmenn í tilnefningarnefnd, þ. á m. formaður nefndarinnar, fái kr. 154.500 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 154.500 á mánuði ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði og að hámarki kr. 927.000 á hverju almanaksári.

Greinargerð:

Samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar skal aðalfundur ákveða þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar bankans. Lagt er til að þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd hækki um u.þ.b. 3% frá fyrra ári í samræmi við hækkun meðallauna bankans á árinu 2019.

6. Vegna dagskrárliðar 8 - Tillaga um heimild stjórnar til að samþykkja kaupréttaráætlun

Stjórn bankans leggur til við aðalfund, að stjórn verði veitt heimild til að samþykkja kaupréttaráætlun byggða á 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og heimili félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins um kaup á hlutum í bankanum að fjárhæð allt að 600.000 kr. að markaðsvirði á ári hverju næstu fimm ár.

Greinargerð:

Markmið fyrirhugaðrar kaupréttaráætlunar Arion banka er að samþætta hagsmuni starfsmanna við langtímamarkmið bankans. Fastráðnum starfsmönnum bankans mun gefast kostur á að gera samning um ávinnslu kaupréttar á hlutum að kaupverði allt að 600.000 kr. byggt á markaðsverði við gerð samnings. Réttinn verður unnt að nýta að 12 mánuðum liðnum.

Kaupréttaráætlunin byggir á 10. gr. tekjuskattslaga og verður leitað eftir staðfestingu frá Skattinum á að áætlunin uppfylli skilyrði þeirrar greinar. Starfsmenn sem eiga bréfin í full tvö ár í kjölfar nýtingar kaupréttar borga fjármagnstekjuskatt af hagnaði en séu hlutir seldir innan tveggja ára greiðist tekjuskattur af hagnaði.

Gert er ráð fyrir að kaupréttur hvers kaupréttarhafa ávinnist í fimm áföngum á fimm árum frá gerð kaupréttarsamnings. Hver starfsmaður mun á grundvelli áætlunarinnar getað keypt fyrir allt að 600.000 kr. á ári, miðað við skilgreint kaupverð, sbr. ákvæði 10. gr. tekjuskattslaga.

Árleg gjaldfærsla vegna kaupréttaráætlunarinnar byggir á Black-Scholes útreikningum í upphafi tímabils og er áætluð heildargjaldfærsla 265.000.000 kr. yfir fimm ár sem jafngildir 53.000.000 kr. á ári.

7. Vegna dagskrárliðar 9 - Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans

Stjórn Arion banka leggur til að starfskjarastefna bankans verði uppfærð. Árið 2019 varð til nýtt hlutverk í bankanum, aðstoðarbankastjóri. Núgildandi starfskjarastefna gerir ekki ráð fyrir aðstoðarbankastjóra og er því lagt til að aðlagð orðalag stefnunnar að nýja hlutverkinu þar sem það á við. Þá er lagt til að í stað orðsins „discuss“ í 2. málslíð síðasta kafla stefnunnar komi orðið „present“ til að samræmast betur orðalagi 79. gr.a. laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Loks er lagt til að nýjum kafla um kaupréttaráætlun verði bætt við starfskjarastefnuna. Kaupréttaráætlunin verður byggð á 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og heimilar stjórn að semja við starfsmenn um hlutabréfavalrétti. Lagt er til að



starfskjarastefnan verði að öðru leyti samþykkt óbreytt frá fyrra ári. Starfskjarastefna bankans eins og hún mun líta út verði þessi tillaga samþykkt má finna í viðauka 1.

Greinargerð:

Stjórn bankans samþykkti framangreindar breytingar á starfskjarastefnu bankans á fundi 12. febrúar 2020. Kaupréttaráætlunin er háð samþykki skattayfirvalda og er af þeim sökum ekki sett fram með nákvæmari hætti í starfskjarastefnu bankans en raun ber vitni.

8. Vegna dagskrárliðar 10 - Tillaga stjórnar um starfsreglur tilnefningarnefndar

Stjórn Arion banka leggur til að gerðar verði breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar. Breytingarnar byggja, að meginstefnu til, á sameiginlegum viðmiðunarreglum ESMA og EBA um mat á hæfi stjórnar og lykilstjórnenda (e. *assessment of the suitability of members of the management body and key function holders*) (EBA/GL/2017/12). Breytingarnar eru lagðar fram með það að markmiði að starfsreglur tilnefningarnefndar samræmist betur viðmiðunarreglunum. Þá eru lagðar til breytingar er snúa að birtingu upplýsinga frá tilnefningarnefnd auk þess að tilvísun til persónuverndarsjónarmiða er bætt við. Loks er lagt til að tilvísun til hlutverks tilnefningarnefndar að upplýsa stjórnarmenn um skyldur sínar verði fjarlægð. Starfsreglur tilnefningarnefndar eins og þær munu líta út verði þessi tillaga samþykkt má finna í viðauka 2.

9. Vegna dagskrárliðar 12 - Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

Stjórn bankans leggur til eftirfarandi tillögu um lækkun á hlutafé:

„Aðalfundur Arion banka hf., haldinn þann 17. mars 2020, samþykkir að lækka hlutafé bankans um 84.000.000 kr. að nafnvirði, eða sem nemur 84.000.000 hlutum, til jöfnunar eigin hluta, úr 1.814.000.000 kr. í 1.730.000.000 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með niðurfellingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga.“

Tillagan felur í sér breytingu á ákvæði 4.1 samþykktanna bankans þannig að umrætt ákvæði samþykktanna verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Hlutafé bankans er kr. 1.730.000.000 – Einn milljarður sjöhundruð og þrjátíu milljónir króna.“

Greinargerð:

Lagt er til að hlutafé bankans verði lækkað til jöfnunar á eigin hlutum til hagsbóta fyrir hluthafa. Verði tillagan samþykkt lækkar hlutafé bankans úr 1.814.000.000 kr. í 1.730.000.000 kr. að nafnvirði. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur þegar veitt samþykki sitt vegna lækkunar hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

10. Vegna dagskrárliðar 13 - Tillaga um endurnýjun á heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

Stjórn Arion banka leggur til að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt. Jafnframt er lagt til að verði tillagan samþykkt verði heimildarinnar getið í viðauka við samþykktir bankans, í stað núverandi viðauka sem fellur niður, og verði þannig hluti af samþykktunum í samræmi við ákvæði 9.3 samþykktanna bankans:



„Aðalfundur Arion banka hf. haldinn 17. mars 2020 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans allt að 10% af hlutafé hans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt a-lið 3. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hafi verið veitt.

Heimild þessi gildir fram að aðalfundi bankans árið 2021 en hafi hann ekki farið fram 15. september 2021 rennur hún út í síðasta lagi þann dag. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Greinargerð :

Með tillögunni er lögð til endurnýjun á heimild stjórnar bankans til endurkaupa. Er tillagan sambærileg við gildandi heimild stjórnar. Markmiðið með ákvæðinu er að setja fram með gagnsæjum hætti hvernig bankanum skuli heimilt að ráðstafa fjármunum til hluthafa, samhliða arðgreiðslustefnu bankans. Almennt séð gilda svipuð sjónarmið um endurkaup eigin hluta og árlegar arðgreiðslur, á grundvelli afkomu bankans.

Heimild þessi til endurkaupa eigin hluta er háð því að skilyrði laga og reglugerða um endurkaup eins og þau eru á hverjum tíma séu uppfyllt. Þá skal gætt að því að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi veitt samþykki sitt fyrirfram áður en farið verður í endurkaup í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

11. Vegna dagskrárliðar 14 - Tillaga um heimild til útgáfu áskriftarréttinda og samsvarandi breyting á samþykktum

Stjórn bankans leggur til að tekin verði upp ný grein 4.9 í samþykktir félagsins, svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt, fram til aðalfundar árið 2022, að gefa út áskriftarréttindi fyrir allt að 54.000.000 nýjum hlutum í félaginu. Stjórn er jafnframt í fimm ár, til 17. mars 2025, heimilt að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun í tengslum við nýtingu áskriftarréttindanna. Stjórn ákveður hverjir fái rétt til að taka þátt í útboði þessara réttinda. Hvorki hluthafar né aðrir skulu njóta forgangsréttar til áskriftarréttindanna né hluta sem gefnir eru út í tengslum við nýtingu þeirra. Stjórn ákveður endanlegt söluverð áskriftarréttindanna á grundvelli áskriftarsöfnunar í lokuðu útboði og nánari skilmála þeirra.“

Greinargerð:

Með tillögunni er lagt til að aðalfundur samþykki heimild stjórnar til útgáfu áskriftarréttinda að 54.000.000 hlutum í félaginu. Um lagagrundvöll tillögunnar vísast til 46. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Stjórn félagsins hyggst bjóða áskriftarréttindin til sölu í lokuðu útboði. Til að stuðla að því að viðeigandi verð fáiast fyrir áskriftarréttindin er lagt til að stjórn ákveði endanlegt verð þeirra á grundvelli tilboða sem fengin eru með áskriftarsöfnun (e. book-building process). Tilgangur útgáfunnar er m.a. að stuðla að virkri verðmyndun með hlutabréf í félaginu í kauphöll og gera starfsmönnum og öðrum fjárfestum kleift



að fjármagna til langs tíma kaup á hlutabréfum í félaginu með fyrirfram þekktri eigin áhættu. Bankinn hefur til skoðunar hvort unnt sé að skrá áskriftarréttindin á First North markað Nasdaq Iceland.

Verði tillagan samþykkt, heimildin fullnýtt og áskriftarréttindi nýtt að fullu munu nýir hlutir að öðru óbreyttu nema um 3% alls útgefins hlutafjár félagsins.

12. Vegna dagskrárliðar 15 - Tillaga um breytingu á samþykktum

a. Tillaga um breytingu á grein 10.10 samþykktanna

Lagt er til að grein 10.10 verði breytt, þannig að réttur hluthafa til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um slíkt til félagsstjórnar verði takmarkaður við aðalfundi bankans. Orðalag greinar 10.10 verði svohljóðandi verði breytingin samþykkt:

10.10 Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum aðalfundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um slíkt til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundinn. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Upplýsingar um kröfuna skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn, auk tillögunnar og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins.

Greinargerð:

Ný málsgrein, 2. mgr. 86. gr., var bætt við lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með lögum nr. 51/2013. Í málsgreininni felst heimild til handa skráðum félögum að takmarka rétt hluthafa til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar við aðalfundi en ekki hluthafafundi almennt enda geta minnst 5% hluthafa krafist aukafundar í félagi. Breytingin er í samræmi við tilskipun 2007/36/EB um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum. Breytingarnar eru lagðar til svo að hluthafafundir um fyrirframákveðin málefni séu hnitmiðaðir á sama tíma og réttur hluthafa til að bera fram mál er áfram tryggður.

Skýringar á liðum 4 og 11 í dagskrá fundarins

Kosning stjórnar bankans

Í samræmi við samþykktir bankans skal á aðalfundi m.a. fara fram kosning stjórnar bankans sem kjörin er til eins árs í senn. Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. ákvæði samþykktar bankans. Skulu tilkynningar berast á netfangið hluthafar@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 12. mars 2020.

Tilnefningarnefnd mun gera tillögu til hluthafa um framboð til stjórnar sem mun byggjast á tillögum hluthafa og framkomnum framboðum og verður hún birt á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm ásamt öðrum framboðum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfundinn. Frá sama tíma verður hún aðgengileg í höfuðstöðvum bankans.



Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Í samræmi við samþykktir bankans og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri á að kjósa tvo af þremur nefndarmönnum í tilnefningarnefnd á hluthafafundi. Þriðji nefndarmaðurinn skal vera formaður stjórnar bankans eða annar stjórnarmaður skipaður af stjórn bankans.

Einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í nefndarkjöri skulu tilkynna um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Skulu tilkynningar því berast á netfangið hluthafar@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 12. mars 2020. Reglur samþykta um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Upplýsingar um frambjóðendur í tilnefningarnefnd verða birtar á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfundinn og verða þær aðgengilegar í höfuðstöðvum bankans frá þeim tíma.



Viðauki 1 – Starfskjarastefna

I. Markmið

Meginsjónarmið varðandi kjör starfsmanna Arion banka er að bjóða á hverjum tíma samkeppnishæf laun til að bankinn geti laðað til sín og haldið í framúrskarandi starfsfólk. Jafnframt er markmið bankans að tryggja að störf hjá bankanum séu eftirsóknarverð í augum hæfra einstaklinga. Við mörkun starfskjarastefnunnar skal haft að leiðarljósi að hún stuðli ekki að óeðlilegri áhættutöku heldur hvetji til þess að langtímasjónarmiða sé gætt og heilbrigður rekstur bankans tryggður. Starfskjarastefnan er liður í að gæta langtímahagsmuna eigenda bankans, starfsfólks, viðskiptavina og annarra hagsmuna-aðila með skipulegum og gagnsæjum hætti.

Í samræmi við 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutfélög og reglur um góða stjórnarhætti samþykkir stjórn Arion banka starfskjarastefnu bankans, sem varðar laun og aðrar greiðslur til stjórnarmanna, bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, framkvæmdastjóra, regluvarðar og innri endurskoðanda.

II. Starfskjaranefnd stjórnar

Starfskjaranefnd er ein undirnefnda stjórnar Arion banka. Hún hefur það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir stjórn varðandi starfskjör bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, framkvæmdastjóra, regluvarðar og innri endurskoðanda, og fyrirkomulag á kaupaukakerfi bankans og öðrum starfstengdum greiðslum. Bankastjóri gerir tillögur um launaramma fyrir aðstoðarbankastjóra, framkvæmdastjóra, regluvörð og innri endurskoðanda, í samráði við starfskjaranefnd. Starfskjaranefnd gerir jafnframt aðrar þær tillögur sem hún telur nauðsynlegar eða viðeigandi. Nefndin skal upplýsa stjórn bankans reglulega um störf sín.

III. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmenn skulu fá fasta mánaðarlega greiðslu í samræmi við ákvörðun aðalfundar, sbr. 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutfélög.

IV. Starfskjör bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, framkvæmdastjóra og regluvarðar

Starfskjör bankastjóra skulu tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þ. á m. föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, aðrar starfstengdar greiðslur, uppsagnarfrestur og greiðslur vegna starfsloka. Almennt séð gilda aðeins ákvæði ráðningarsamnings um eftirlaunagreiðslur eða greiðslur vegna starfsloka. Í undantekningartilvikum er þó heimilt að gera starfslokasamning við bankastjóra í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki.

Laun aðstoðarbankastjóra, framkvæmdastjóra og regluvarðar eru ákvörðuð af bankastjóra í samráði við forstöðumann mannauðs að teknu tilliti til umfangs viðkomandi sviðs og ábyrgðar. Starfskjör aðstoðarbankastjóra og framkvæmdastjóra skulu tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi. Almennt séð gilda aðeins ákvæði ráðningarsamnings um eftirlaunagreiðslur eða greiðslur vegna starfsloka. Í undantekningartilvikum er þó heimilt að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki.

V. Kaupaukakerfi



Heimilt er að greiða starfsmönnum og stjórnendum kaupauka á grundvelli sérstaks kaupaukakerfis sem stjórn samþykkir að fengnu álit starfskjaranefndar og áhættunefndar stjórnar. Með kaupauka er átt við starfskjör starfsmanna bankans sem að jafnaði eru skilgreind með tilliti til árangurs og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum starfsmanns þar sem endaleg fjárhæð eða umfang þeirra liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram. Um er að ræða heimild til greiðslu kaupauka en ekki skyldu. Kaupaukakerfi skal vera í samræmi við ákvæði laga og reglna um slík kerfi. Samtala veitts kaupauka starfsmanns má á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 25% af ársláunum viðkomandi án kaupauka.

VI. Kaupréttaráætlun

Stjórn bankans er heimilt að samþykkja kaupréttaráætlun byggða á 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og heimili félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins.

VII. Endurskoðun og upplýsingagjöf

Starfskjarastefnan skal endurskoðuð árlega og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar. Stjórn bankans skal gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna, bankastjóra, aðstoðarbankastjóra og framkvæmdastjóra á aðalfundum eins og nánar er kveðið á um í 79. gr. a. hlutafélagalaga, sbr. og lög um fjármálafyrirtæki. Starfskjara-stefnuna má þó endurskoða oft, svo sem vegna lagabreytinga, og skulu þær breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund.



Viðauki 2 – Starfsreglur tilnefningarnefndar

Rules of Procedure for the Nomination Committee

1. Objective

In order to promote good corporate governance within Arion Bank hf. (the “**Bank**”) and to ensure that Board members of the Bank have wide and versatile qualifications and experience, the Bank shall have in place a nomination committee (the “**Committee**”).

2. Composition of the Committee

The Committee shall consist of three members, appointed annually for a term of one year. Two Committee members shall be appointed annually at the Annual General Meeting of the Bank. The applicable arrangement for the voting of Board members in the Bank’s Articles of Association and the Act on Limited Liability Companies No 2/1995 shall apply to the voting of Committee members. The two Committee members appointed by the shareholders must be independent of the Bank and its day to day management, where at least one member shall be independent of the largest shareholder of the Bank or any group of shareholders acting in concert. The same criteria shall apply to the assessment of independence of Committee members as to the assessment of the independence of Board members.

The appointment of Committee members shall be based on their knowledge and experience of corporate governance. It is preferable that Committee members have experience with assessment and appointment of members to boards of directors.

Neither managers nor other employees of the Bank shall act as members of the Committee.

The third member of the Committee shall be the chairman of the Board of Directors or another Board Member appointed by the Board.

The Committee shall, at its first meeting following its appointment, appoint its Chairman. The Committee shall also elect its secretary.

The Annual General Meeting shall decide on the remuneration of the Committee members.

3. Main role

The Committee has an advisory role regarding the election of Board members by putting forth a proposal, at each Annual General Meeting and extraordinary shareholders meeting where Board election is on the agenda, of candidates to serve on the Board of Directors and make a proposal on their remuneration.

In the meeting invitation for each Annual General Meeting of the Bank, or for other shareholder meetings where Board election is on the agenda, the Committee shall request proposals from shareholders for candidates to serve on the Board of Directors. The Committee’s request shall include clear instructions on how shareholders may submit their proposals, and how individuals may submit their candidacy, including the relevant deadline for submissions. Such instructions shall also be made publically available.

Based on shareholders’ proposals and submissions of candidacy, the Committee shall propose to the shareholders candidates to serve on the Board of Directors and publish its proposal along with other declarations of candidacy at least 2 days prior to the Annual General Meeting or other shareholder meetings where Board election is on the agenda. In its proposal for candidates, the Committee shall



propose which candidate shall serve as the Chairman and the Vice Chairman of the Board of Directors of the Bank. The Committee shall also propose to the Annual General Meeting the remuneration payable to the members of the Board of Directors. The Committee's proposal of candidates and remuneration shall be sent to all shareholders or made publically available.

Proposals of the Committee shall include reasons for the proposal of each candidate with clear references and explanations for his/her qualifications, with reference to these Rules, the Bank's Articles of Association and applicable rules and guidelines on the qualifications of Board members in financial undertakings.

When performing its tasks, the Committee shall take into consideration the interests of all shareholders of the Bank. The Committee shall further aim to ensure that the proposed candidates collectively possess sufficient knowledge, skill, diversity and experience necessary for the operations of the Bank as a financial undertaking.

The Committee shall perform the following tasks in respect of its main role of preparing proposals for candidates to serve on the Board of Directors and their remuneration:

1. Assess the suitability of candidates, based on their knowledge, skills, experience and time commitment, as well as reputation and personal qualities, considering statutory qualifications under applicable rules on the qualifications of board members in financial undertakings and guidelines on the assessment of suitability.
2. Assess the independency of candidates on the basis of the Icelandic Guidelines on Corporate Governance published by the Iceland Chamber of Commerce, Business Iceland and Nasdaq Iceland.
3. Assess the time commitment expected.
4. Endeavour for a diverse composition of the Board of Directors and to comply with the Bank's Articles of Association, including provisions on gender equality within the Board of Directors.
5. Prepare and submit to the Annual General Meeting or other shareholders' meeting (as applicable) appropriate information on the suitability assessment result, and a formal proposal on the election of members to the Board of Directors, including a proposal for Chairman and Vice Chairman.
6. Prepare and submit to the Annual General Meeting or other shareholders' meetings (as applicable) a formal proposal on remuneration and other fees payable to the members of the Board of Directors.

4. Meetings

Meetings of the Committee shall be held as often as considered necessary, although there shall be a minimum of two meetings a year.

The Chairman shall convene meetings with sufficient notice. The Committee is competent to make decision when the majority of Committee members attend the meeting. The majority of votes decide issues at Committee meetings, but when votes are even, the Chairman's vote decides the issue. In the absence of the Chairman, the vote of the Vice Chairman is decisive.



The Chairman shall ensure that a record of minutes is kept to record what occurs at Committee meetings and the Committee's decisions. Minutes of the Committee shall only be accessible to Committee members, unless the Committee decides otherwise.

The Committee shall enjoy independence in its work and may engage with consultants and experts for the execution of its role and tasks, to the extent it reasonably deems necessary for it to be able to carry out its role. Such consultants shall be independent of the Bank, its management and the Board of Directors.

5. Confidentiality

Subject to any applicable laws, the Committee shall have access to relevant information and material which the Committee believes it requires in order to carry out its duties. The Committee is authorized to request the assistance of members of the Board of Directors and the CEO.

All information obtained or created by the Committee on the Bank, including information on its operations and activities, is confidential. The same applies to all other confidential information obtained, received or prepared by the Committee. Any personal data shall be processed in accordance with applicable legal requirements.

Professional secrecy and confidentiality survive the expiration of Committee membership.

6. Publication of information

The Bank shall announce the names of the members of the Committee on its website no later than six months before the Bank's Annual General Meeting.

The Committee's proposals shall be made available on the Bank's website. The Committee shall also inform the Annual General Meeting of the manner in which it has arranged its work and explain its proposals.

These Rules shall be published on the Bank's website.